


Ársskýrsla 2007







AUÐHUMLA

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Ávarp forstjóra	4
Fulltrúar Auðhumlu	6
Stjórn Auðhumlu	
Stefna og framtíðarsýn	8
Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf.	12
Fjárfestingar og eignarhald	13
Fasteignir	
Útflutningur	14
Verðlaunahafar 2007	15
Mjólkursamsalan ehf.	16
Tölulegar upplýsingar	18
Afkoma	22
Ársreikningur 2007	23
Áritun endurskoðenda	25
Skýrsla stjórnar	25
Rekstrarreikningur ársins 2007	26
Efnahagsreikningur	28
Yfirlit um sjóðstreymi	30
Skýringar	31

Útgefandi: Auðhumla, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík
Umsjón: Gunnar Jónsson, Auðhumlu svf.
Ritstjórn og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa ehf.
Ljósmyndir af stjórnendum og stjórn: Kristján Maack
Ljósmyndir af kúm: Jón Eiríksson, Búrfelli
Ljósmynd af verðlaunahöfum: Rúnar Pór Björnsson
Prentun: Oddi

Tími breytinga

Miklar breytingar áttu sér stað þegar nýtt skipulag í mjólkurframleiðslu tók gildi 1. janúar 2007. Það skipulag er nú farið að festa sig í sessi en vinnunni við að þróa það áfram er þó hvergi nærri lokið. Í raun má segja að verið sé að endurskipuleggja allan mjólkuriðnaðinn á Íslandi, jafnt framleiðslu, sölu og dreifingu, sem og félagslega grunninn sem hann stendur á.

Nú eru yfir 90% af öllum mjólkurbændum á Íslandi komnir í eitt félag, Auðhumlu svf. og hafa sömu réttindi og sömu skyldur hvar á landinu sem þeir búa. Það mun taka tíma að móta félagið. Sú vinna stendur enn yfir og á sama tíma er verið að yfirfara alla verkferla innan Mjólkursamsölnnar. Á undanfögnu ári hefur því mikill tími farið í nauðsynlega stefnumótun og vinnu við að skilgreina hlutverk og markmið hvors félags.

Frá því að nýja skipulagið tók gildi hefur allt rekstrarumhverfið tekið gífurlegum breytingum. Þótt mörgum finnist sem við séum oft einangruð hérna uppi á þessari eyju, Íslandi, þá sýnir það sig að hræringar á heimsmörkuðum hafa svo sannarlega áhrif hjá okkur. Það hafa orðið gífurlegar verðhækkningar á öllum aðföngum til landbúnaðar á undanfögnu ári og verð á kjarnfóðri, áburði og olíu hefur rokið upp um leið og fjármagnskostnaður hefur aukist gríðarlega.

Verðhækkningar hafa verið slíkar að það var útilokað að bændur gætu tekið á sig allan

þann aukna kostnað sem þeim fylgdu og eðlilegt að til kæmi nokkur leiðrétting á verði til að mæta honum.

Mjólkurframleiðendur búa við þær sérstöku aðstæður að opinber nefnd ákveður heildsöluverðið á grunnvörum og hvað afurðastöðvagnar eiga að greiða bændunum. Þar á milli lendir það sem iðnaðurinn á að lifa af. Það er arfur frá gamalli tíð að vera með opinbera verðlagsnefnd en með henni hefur verið leitast við að ná heildarsátt um verðlagningu á mjólkurvörum. Mjólkurframleiðendur taka á sig skyldur með því að vera undir opinberri verðlagningu og iðnaðurinn selur mjólk á sama verði um land allt, hvort sem er í Grímsey, á Rauфарhöfn eða höfuðborgarsvæðinu. Á móti má segja að ekki sé óeðlilegt að mjólkurframleiðendur njóti þeirra réttinda sem felast í innflutningsverndinni. Hún er hluti af grundvelli framleiðslunnar á Íslandi.

Opinber verðlagning mun örugglega hverfa í náinni framtíð og almennt held ég að kúabændur séu á því máli. Mjólkurverðið ætti að

endurspegla kostnaðinn við framleiðsluna og það verður að snúa ofan af falskri verðlagningu. Hérlandis hefur verið á ákveðnum grunnvörum verið haldið niðri og sést best á því þegar borið er saman verð á mjólkurlíttra út úr búð hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

Mér hefur þótt ákaflega fróðlegt að fara um landið að undanfögnu, hitta fólk á deildafundum og heyra hvað brennur á mönnum á hverjum stað. Enginn fundur er eins en alls staðar hafa bændur sömu áhyggjurnar. Þeir hafa áhyggjur af afkomunni, verðlagningunni og því að reksturinn skilar ekki því sem hann þarf að skila. Um leið finn ég að það er sóknarhugur í mönnum þegar þeir horfa fram á við. Það hefur verið gríðarleg uppbygging í þessari grein á síðustu 5 til 10 árum. Það hefur verið fjárfest til framtíðar og byggðar upp stórar einingar og mikil tæknivæðing hefur átt sér stað. Því fylgir auðvitað að búin eru mjög skuldsett, það er búið að veðja á langa framtíð. Það skiptir miklu máli að starfskilyrði bænda séu fyrirsjáanleg eins og hægt er, og að ekki sé verið að rugga grunnstarfskilyrðum frá ári til



árs. Allar snöggar breytingar á innflutningsverndinni eða starfsskilyrðum landbúnaðarins yfirleitt yrðu mjög varhugaverðar í grein sem bindur svo mikið fjármagn miðað við veltu eins og raun ber vitni.

Það tekur ákveðinn tíma fyrir mjólkurframleiðendur sem hafa verið tengdir ólíkum afurðastöðvum að finna fyrir samtakamætti sínum í einu félagi. Skipulagningin og stefnumótun tekur tíma og það má búast við því að næstu tvö til þrjú árin fari í að endurskipuleggja félagslegu hliðina og að ná fram skýrari verkaskiptingu innan Mjólkursamsölnunar á framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu.

Þegar til lengri tíma er litið held ég að flestir séu sammála um það að horfur fyrir landbúnaðarframleiðslu hér á Íslandi séu mjög bjartar. Öll rök hníga til þess. Bæði er stöðugt vaxandi eftirspurn á alþjóðlegum mörkuðum eftir mjólkurvörum og eins hefur verið minnkandi birgðastaða.

Það er því mjög mikilvægt að menn komist þökkalega frá þeim tímabundnu erfiðleikum sem að stöðja. Við höfum ákveðna möguleika í útflutningi og þá sérstaklega með skyrið, sem veitir okkur sérstöðu á alþjóðlegum vettvangi. Það er unnið að því innan Mjólkursamsölnunar að auka þátt skyrans í útflutningi og margt bendir til þess að við eigum þarna góð tækifæri. En þessi tækifæri má hvorki ofmeta né vanmeta.

Á Íslandi búa kraftmiklir og metnaðarfullir mjólkurframleiðendur. Það sást best á liðnu ári þegar birgðastaðan var komin í lágmark og afurðastöðvagnar kölluðu eftir meiri mjólk. Sumir ráðunautar sögðu að varla væri hægt að mæta henni með þeim kúafjölda sem væri til staðar en annað kom í ljós. Framleiðsla jókst um 6,6% og árið varð metár í framleiðslu. Menn skynjuðu sinn vitjunartíma, markaðurinn kallaði á meira og þá var framleiðslan aukin. Þetta dæmi sýnir vel slagkraftinn í greininni. Þannig að ég hef trú á því að ef markaðir

opnast og ásættanlegt verð fæst fyrir afurðirnar þá sé hægt að auka framleiðsluna.

Stofnun Auðhumlu skapaði ótal tækifæri sem eiga eftir að nýtast til hagsbóta fyrir félagsmenn á næstu árum. Með því að nýta félagslegan styrk og standa þétt saman eiga íslenskir mjólkurbændur að geta litið björtum augum til framtíðar.

Ég vil að lokum þakka félagsmönnum og öðru samstarfsfólki fyrir gott samstarf.

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður



Stefna til framtíðar

Reksturinn á árinu 2007 einkenndist af þeirri verðstöðvun sem var á öllum mjólkurafurðum og var framlag okkar til að ná niður matvælaverði á landinu. Á sama tíma versnuðu rekstrarskilyrði mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðenda til muna vegna mikilla verðhækkana á ýmsum nauðsynjum á borð við orku, umbúðir og fóður. Nýlegir kjarasamningar eru okkur þungir og fjármagnskostnaður hefur hækkað mikið. Ekki verður því komist undan því að hækka verulega afurðir okkar á markaði til að standa undir þeim kostnaðarhækkunum sem orðið hafa.

Á aðalfundi félagsins á síðasta ári var samþykkt að breyta nafni félagsins úr MS/Auðhumlu í Auðhumlu. Almenn ánægja hefur verið með nýja nafnið og hefur það fest sig vel í sessi. Starfsemi Auðhumlu hefur verið að aðlaga sig að þeim breytingum sem orðið hafa á skipulagi mjólkuriðnaðarins með tilkomu Mjólkursamsölunnar. Stjórn félagsins þótti ástæða til að endurskoða stefnumótun þess í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfinu. Mikið var lagt upp úr því að vanda til stefnumótunarvinnunnar og var haustfundur fulltrúaráðs félagsins meðal annars helgaður stefnumótuninni. Formleg stefnumótun félagsins var kynnt ítarlega á deildafundum Auðhumlu nýlega og er góð sátt um þá stefnu sem félagið hefur mótað sér.

Starfsemi Auðhumlu

Starfsemi Auðhumlu á liðnu ári var þrjúþætt; félagsmál, fjármál og fasteignarekstur. Hvað félagshliðina varðar ýttum við úr vör nýrri

vefsíðu, auðhumla.is, ásamt því að endurbæta og samræma bændavef félagsins. Lánafyrirgreiðsla vegna kvótakaupa hefur verið samræmd og rýmkuð og þannig hafa félagsmenn heimild til að taka lán fyrir kvótakaupum sem nema allt að 50.000 lítrum. Fjármál félagsins voru með líku sniði og áður en aðstæður á fjármálamörkuðum urðu til þess að ávöxtun á lausu fé lækkaði mikið á milli ára og var raunávöxtunin 2,7% á árinu. Fasteignarekstur félagsins felst fyrst og fremst í því að leigja Mjólkursamsölnni það húsnæði sem hún þarfnast auk þess sem nokkrar aðrar eignir eru leigðar þriðja aðila.

Á árinu var lögð áhersla á að einfalda rekstur félagsins og þannig var gengið frá sölu Emmessíss hf, vöumerkinu Floridana (ávaxtasafar) og Remfló ehf. Eftir stendur að félagið hefur betri tíma til að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni.

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi félagsins á liðnu ári og í byrjun árs 2008. Þannig var gerð sú breyting að undirritaður, sem áður hafði gegnt forstjórastarfi hjá bæði Mjólkursamsölnni og Auðhumlu, færði sig alfarið yfir til Auðhumlu um síðastliðin áramót. Þá létu tveir af framkvæmdastjórum Auðhumlu af störfum á árinu 2007 eftir langan og farsælan starfsferil fyrir íslenskan mjólkuriðnað þeir Guðlaugur Björgvinsson sem lengst af var forstjóri Mjólkursamsölunnar og Birgir Guðmundsson sem lengi var mjólkurbússtjóri MBF. Þeim báðum eru þökkúð góð störf í þágu félagsins.

Starfsmenn Auðhumlu í byrjun árs 2008 eru Gunnar Jónsson sem er skrifstofustjóri og sér um fasteignir félagsins, Björn Ingimarsson sem sér um reglubundin uppgjör og sinnir ýmsum öðrum hagdeildarmálum, Agnar Friðriksson sem sinnir útflutningsmálum og Sigrún Halldórsdóttir sem er aðstoðarmaður forstjóra.



Mjólkursamsalan

Mjólkursamsalan ehf. varð til í upphafi síðastliðins árs við samruna MS, Norðurmjólkur og Osta- og smjörölunnar. Mikil áhersla var lögð á hökralausa yfirfærslu og sameiningu á markaðs- og sölumálum félagsins. Óhætt er að segja að þar hafi tekist vel til. Heildarsala síðasta árs jókst um tæplega 1,5% á próteingrunni og ríflega 4,6% á fitugrunni sem er mjög ásættanlegt og í raun mun betra en áætlanir ársins gerðu ráð fyrir.

Á árinu var farið yfir dreifingar- og framleiðslumál félagsins og gerðar tillögur til hagræðingar og sparnaðar sem koma til framkvæmda á þessu og næsta ári. Rekstrarniðurstaða Mjólkursamsölunnar er óásættanleg og því mikilvægt að flýta eins og kostur er þeim hagræðingarverkefnum sem þar eru möguleg og stefna að því að rekstur hennar verði kominn í jafnvægi í árslok 2008. Rekstrartap Mjólkursamsölunnar á árinu 2007 var

457 milljónir króna og var eigið fé félagsins í árslok 1.042 milljónir króna og liggur fyrir að eigendur Mjólkursamsölunnar, þ.e. Auðhumla og KS, þurfa að bæta eiginfjárstöðu félagsins á þessu ári um allt að 1.000 milljónir króna.

Verkefni framundan

Þau verkefni sem eru mest aðkallandi í dag felast í því að ná fram eðilegum verðlagshækkunum til handa Auðhumlu og félagsmönnum hennar. Eins og þekkt er hafa orðið miklar verðhækkningar á mörgum sviðum sem hafa komið hart niður á okkur og við höfum ekki möguleika á að hagræða á móti.

Auðhumla mun standa þétt við bakið á Mjólkursamsölnni og leggja áherslu á að félagið flýti öllum hagræðingaraðgerðum eins og kostur er til að rekstur þess nái jafnvægi sem allra fyrst.

Töluverðar umræður um breytingar á styrkjum til landbúnaðar og sívaxandi umræða um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu hafa orðið til þess að við munum skoða ítarlega hvaða áhrif mögulegar breytingar á núverandi styrkjakerfi hafa á mjólkuriðnaðinn sem og áhrif mögulegrar Evrópusambandsaðildar á mjólkurframleiðsluna í landinu.

Að lokum verður lögð áhersla á að hrinda í framkvæmd stefnumótun félagsins eins og hún hefur verið kynnt félagsmönnum að undanfögnu.

Guðbrandur Sigurðsson
forstjóri

Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 11. apríl 2008

Austurlandsdeild

Aðalfulltrúar

Gunnar Jónsson, Egilsstöðum
Jón Steinar Elisson, Hallfredarstöðum II
Halldór Sigurdsson, Hjartarstöðum I
Jón Júlíusson, Mýrum

Varafulltrúar

Jóhann G. Jóhannsson, Breiðavaði
Sigurbjörn Snæþórsson, Gilsárteig II
Björgvin Gunnarsson, Núpi
Gunnlaugur Ingólfsson, Innri-Kleif

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltrúar

Eiríkur Egilsson, Seljavöllum
Steinþór Torfason, Hala

Varafulltrúar

Sæmundur Jón Jónsson, Árbæ
Björn Ísleifur Björnsson, Hestgerði

Skaftárdeild

Aðalfulltrúar

Ólafur Helgason, Hraunkoti
Jóhannes Gissurarson, Herjólfstöðum
Kjartan Magnússon, Fagurhlíð

Varafulltrúar

Björn Snorrason, Kálafelli

Mýrdalsdeild

Aðalfulltrúar

Sigurjón Eyjólfsson, Pétursey I
Grétar Einarsson, Pórissholti

Varafulltrúar

Atli Rafn Hróbjartsson, Brekkum III
Gunnar Valgeirsson, Norður-Fossi

Eyjafjalladeild

Aðalfulltrúar

Ármann Fannar Magnússon, Hrutafelli
Ásgeir Árnason, Stóru-Mörk
Ragnar Lárusson, Stóradal

Varafulltrúar

Andrés Andrésson, Dalsseli
Óli Kristinn Ottósson, Seljalandi

Landeyjadeild

Aðalfulltrúar

Hlynur Snær Theodórsson, Voðmúlastöðum
Jóhann Nikulásson, Stóru-Hildisey II
Guðni Ragnarsson, Guðnastöðum
Silja Ágústsdóttir, Hólum

Varafulltrúar

Órvar Arason, Akureyri
Axel Sveinbjörnsson, Hólum
Pétur Guðmundsson, Stóru-Hildisey I
Arnheiður Dögg Einarisdóttir, Guðnastöðum

Fjótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltrúar

Eggert Pálsson, Kirkjulæk
Birkir A. Tómasson, Móeidarhvoli II
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga

Varafulltrúar

Pórir Jónsson, Selalæk
Árni Valdimarsson, Akri
Páll Eggertsson, Kirkjulæk

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltrúar

Sigurjón Hjaltason, Raftolti
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti
Ágúst Sæmundsson, Bjólu

Varafulltrúar

Daníel Magnússon, Akbraut
Eliás Pálsson, Saurbæ
Elínborg Sváfnisdóttir, Hjallanesi

Biskupstunga-, Laugardals- og Grímsnesdeild

Aðalfulltrúar

Jórunn Svavarsdóttir, Drumboddsstöðum
Sigurfinnur Vilmondarson, Efsta-Dal
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti

Varafulltrúar

Ágúst Gunnarsson, Stærri-Bæ
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga
Egill Jónasson, Hjarðarlandi

Skeiða- og Gnúpverjadeild

Aðalfulltrúar

Arnar Bjarni Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Haukur Haraldsson, Stóru-Mástungu
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Jón Vilmondarson, Skeiðháholti

Varafulltrúar

Ásmundur Lárusson, Norðurgarði
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð
Viðar Gunngeirsson, Ásum
Sigurður Steinþórsson, Hæli

Hrunamannadeild

Aðalfulltrúar

Jón Viðar Finnsson, Dalbæ I
Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum
Páll Jóhannsson, Núpstúni

Varafulltrúar

Sigurjón Sigurdsson, Kotlaugum
Fjóla I. Kjartansdóttir, Birtingaholti IV
Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum

Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild

Aðalfulltrúar

Björn Harðarson, Holti
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ
Aðalsteinn Sveinsson, Kolsholti

Varafulltrúar

Einar H. Haraldsson, Urriðafossi
Brynjólfur Jóhannsson, Kolsholtshelli

Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild

Aðalfulltrúar

María Hauksdóttir, Geirakoti
Skeggi Gunnarsson, Skeggjastöðum
Pétur Guðmundsson, Hvammi

Varafulltrúar

Pormóður Ólafsson, Hjálmholti
Grétar Sigurjónsson, Smjörðólum

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltrúar

Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Haraldur Magnússon, Belgsholti
Ásthildur Skjaldardóttir, Bakka

Varafulltrúar

Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum
Helgi Bergþórsson, Eystra-Súlunesi

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltrúar

Jón Gíslason, Lundi I
Snorri Sigurdsson, Hvanneyri
Birna Hauksdóttir, Skáney

Varafulltrúar

Guðmundur Þorsteinsson, Skálpastöðum
Jón Björnsson, Deildartungu
Bjarni Guðmundsson, Skálpastöðum

Mýrasýsludeild

Aðalfulltrúar

Pétur Díríksson, Helgavatni
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum
Pórir Finnsson, Hóli
Vilhjálmur Díríksson, Helgavatni

Varafulltrúar

Ólafur Egilsson, Hundastapa
Karítas Hreinsdóttir, Helgavatni
Pórólfur Sveinsson, Ferjubakka

Snæfellsnesdeild

Aðalfulltrúar

Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri
Guðný H. Jakobsdóttir, Syðri-Knarrartungu
Jón Svavar Þórðarson, Ölkeldu III

Varafulltrúar

Próstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri
Kristján Þórðarson, Ölkeldu
Guðbjartur Gunnarsson, Hjarðarfelli

Breiðfjarðardeild

Aðalfulltrúar

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi
Gústafl Jökull Ólafsson, Miðjanesi
Bára Sigurðardóttir, Lyngbrekku
Erla Reynisdóttir, Mýrartungu
Árni Brynjólfsson, Vödlum
Sigmundur H. Sigmundsson, Látrum

Varafulltrúar

Guðmundur Pálmason, Kvinnabrekku
Ásmundur Jóhannesson, Miklagarði
Stefán Jónsson, Gróustöðum
Þorgeirur Guðbjartsson, Erpsstöðum
Björn Birkiðsson, Botni
Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir, Neðri-Ósi

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltrúar

Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum
Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum III

Varafulltrúar

Sigtryggur Sigurvaldason, Litlu-Ásgeirsá
Fríðrik Böðvarsson, Syðsta-Ósi

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltrúar

Magnús R. Sigurdsson, Hnjúki
Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Gróa Lárusdóttir, Brúastöðum
Björn Magnússon, Hólabaki

Varafulltrúar

Jens Jónsson, Brandaskarði
Þorsteinn Jóhannsson, Auðólfstöðum
Tryggvi Jónsson, Ártúni
Ólafur Kristjánsson, Höskuldstöðum

Norðausturdeild

Aðalfulltrúar

Aðalsteinn Hreinsson, Auðnum
Anna Jónsdóttir, Svalbarði
Atli Friðbjörnsson, Hóli
Bergljót Þorsteinsdóttir, Halldórsstöðum
Elín Stefánsdóttir, Fellshlíð
Erlingur Teitsson, Brún
Geir Árdal, Dæli
Hávar Sigtryggsson, Hríflu
Helgi Þór Helgason, Bakka
Jóhannes Jónsson, Espihóli
Jósef Kristjánsson, Möðruvöllum
Laufey Skúladóttir, Stóru Tjörnum

Leifur Guðmundsson, Klauf
Marteinn Sigurðsson, Kvíabóli
Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri
Sif Jónsdóttir, Laxamýri
Sigurgeir Pálsson, Sigtúnun
Stefán Magnússon, Fagraskógi
Sveinbjörn Sigurðsson, Búvöllum

Varafulltrúar

Gunnsteinn Þorgilsson, Sökku
Böðvar Baldursson, Ysta Hvammi
Sigurlaug Sigurðardóttir, Nesi
Sigurgeir Hreinsson, Hríshóli
Ásvaldur Þormóðsson, Stóru Tjörnum
Guðrún Harðardóttir, Hvassafelli

Gunnhildur Gylfadóttir, Steindyrum
Hulda Skarphéðinsdóttir, Úlfsbæ
Þór Aðalsteinnsson, Kristnesi
Þorgeir Halldórsson, Arnstapa
Bjarni Aðalgeirsson, Mánárþakka
Kristín Hermannsdóttir, Merkgígili
Kári Karlsson, Nípa
Trausti Þórisson, Hofsa

Alls 85 fulltrúar

Stjórn Auðhumlu svf. 2007

Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Erlingur Teitsson, Brún

Ritari

Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

Meðstjórnendur

Stefán Magnússon, Fagraskógi
Haraldur Þórarinnsson, Laugardælum
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Hörður Grímsson, Tindum

Varamenn

Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Magnús R. Sigurðsson, Hnjóki
Pétur Diðriksson, Helgavatni

Skoðunarmenn

Elvar Eyvindsson, Skríðbakka
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga

Varaskoðunarmaður

Oddur Gunnarsson, Dagverðareyri
Magnús Hannesson, Eystri-Leirrárgörðum

Forstjóri

Guðbrandur Sigurðsson





Stefna og framtíðarsýn Auðhumlu

Stjórn Auðhumlu hefur undanfarna mánuði endurskoðað stefnu félagsins í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á skipulagi þess og umhverfi á undanförunum misserum. Margir hafa komið að þessari vinnu og er þeim þakkað fyrir þeirra framlag. Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi hjá Capacent, hefur verið stjórninni til halds og trausts í þessari vinnu. Þá var haldinn sérstakur fulltrúaráðsfundur tileinkaður stefnumótun félagsins í nóvember síðastliðnum sem skilaði góðum árangri.

Eftirfarandi er stefnumörkun félagsins í ýmsum veigamiklum málum sem stjórn félagsins hefur komið sér saman um og var samþykkt á stjórnarfundi þess þann 20. febrúar 2008. Stefnumörkun er sílífandi fyrirbæri og því er hér fyrst og fremst um að ræða ákveðinn grunn sem byggt verður ofan á til framtíðar. Stefnumótun þessi verður kynnt á deildafundum félagsins sem haldnir verða á næstunni auk þess sem stefna verður kynnt og tekin til umræðu á aðalfundi félagsins þann 11. apríl næstkomandi.

Hlutverk og meginmarkmið

Auðhumla er sameiginlegur vettvangur mjólkurbænda á starfssvæði félagsins sem hefur það að meginmarkmiði að skapa þeim arð af framleiðslu sinni og þeim fjármunum sem félagsmenn eiga bundna í félaginu.

Auðhumla byggir starfsemi sína á fjórum meginstöðum:

1. Félagsstarfsemi sem veitir félagsmönnum ýmsa þjónustu og myndar félagslegt bakland þeirra.

2. Mjólkursamsalan ehf sinnir kjarna-starfsemi samstæðunnar sem er mjólkursöfnun, mjólkurvinnsla og markaðsfærsla mjólkurafurða með hagkvæmni og öfluga vöruþróun að leiðarljósi.
3. Ávöxtun sem skapar arð af virkri fjárstýringu og ávöxtun á stofnsjóðum félagsmanna.
4. Nýsköpun og viðskiptaþróun leggur grunn að frekari vexti og styrk til þess að bæta framtíðarmöguleika Auðhumlu sem öflugs rekstrar- og fjárhagslegs baklands félagsmanna til framtíðar.

Framtíðarsýn

Starfsemi Auðhumlu þarf að uppfylla strangar kröfur bæði um skilvirkni og þróun. Mjólkurbændur vilja eðlilega hámarka arðsemi framleiðslu sinnar og treysta á félagið í því sambandi á sama tíma og neytendur vilja gæðavörur á góðu verði. Dreifingaraðilar á smásölumarkaði munu væntanlega auka þrýsting á verð og almennt er mikil athygli í samfélaginu á mjólkurafurðum, verðlagi þeirra og hollustu.

Gera má ráð fyrir að samkeppnisumhverfi Auðhumlu verði alþjóðlegra með tímanum. Ef sú þróun gengur eftir getur félagið því ekki treyst einvörðungu á innlandan markað til þess að ná fram markmiðum sínum um hagkvæmni og arðsemi. Sterkur efnahagur Auðhumlu er mikilvægur þáttur í framtíðarverferð félagsmanna og því mikilvægt að félagið geti ávaxtað bæði stofnsjóð sem og annað eigið fé með tryggum hætti.

Í ljósi þessa mun Auðhumla því leggja áherslu á eftirfarandi þætti í starfsemi sinni til framtíðar:

- Mjólkursamsalan er framsækið markaðsfyrirtæki mjólkurbænda á Íslandi sem skilar framleiðendum arði og hefur styrk til þess að ná árangri í samkeppnisumhverfi sem verður sífellt alþjóðlegra með öflugri vöruþróun og hagkvæmum rekstri.
- Starfsemi sem sinnir markaðsstarfi á völdum erlendum mörkuðum þar sem þekking og sérstaða félagsins fær að njóta sín.



- Öflugt félagslegt bakland sem félagsmenn telja eftirsóknarvert.
- Starfsvettvangur sem býður upp á áhuga-verða möguleika þar sem stöðug þróun og alþjóðleg starfsemi skapa fjölbreytt og krefjandi tækifæri til þróunar í starfi.

Félagslegt skipulag

Auðhumla er samvinnufélag tæplega 700 kúabænda og fjölskyldna þeirra. Þá er félagið jafnframt móðurfélag umfangsmikillar starfsemi á sviði mjólkurframleiðslu, fasteignareksturs, fjárvörslu og fjárfestinga. Félagið er samvinnufélag og meginstarfsemi þess er á fjórum sviðum: 1) Mjólkursamsalan, 2) rekstur fasteigna, 3) fjárhagsleg umsýsla og ávöxtun fjármuna og 4) nýsköpun og viðskiptaþróun.

Stefna Auðhumlu

Í félagsstarfsemi og þjónustu við félagsmenn verður annars vegar lögð áhersla á upplýsingagjöf til bænda með fundahöldum og virkum umræðum og hins vegar með skilvirkri og reglulegri upplýsingamiðlun til félagsmanna. Þessi þáttur starfseminnar verður eflur sem kostur er með það að markmiði

að auka virka þátttöku félagsmanna og tilfinningu fyrir sameiginlegum hagsmunum. Áhersla er lögð á að félagsmenn líti á sig sem eigendur félagsins og var nýleg uppfærsla á stofnsjóði félagsins m.a. gerð til þess að efla og skerpa eigendavítund félagsmanna. Hagsmunir félagsmanna og félagsins sjálfs liggja saman til framtíðar.

Í rekstri Mjólkursamsölnunnar er lögð áhersla á hagkvæmni og þróun til þess að viðhalda og bæta samkeppnisstöðu félagsins og opna því nýjar leiðir í starfsumhverfi sem fyrirsjáanlega mun taka miklum breytingum. Unnið verður eftir skýrum markmiðum og fjárhagslegum viðmiðum til þess að tryggja arðsemi. Jafnframt verður tekið tillit til heildarhagsmuna þannig að jafnvægi verði náð milli kröfu um rekstrarárangur og þess að félagið uppfylli skyldur sínar gagnvart því samfélagi sem það starfar í.

Auðhumla svf hefur á sínum vegum mikla fjármuni sem annars vegar felast í stofnsjóði félagsmanna og hins vegar í margvíslegum eignum sem tilheyra rekstri félagsins. Lögð er áhersla á að fylgja tiltekinni fjárfestingarstefnu sem m.a. gengur út frá því að fjárbinding verði


í þremur meginstöðum ávöxtunar: a) rekstri Mjólkursamsölnunnar, b) fjárvörslu með öruggri ávöxtun og c) áhættufjárfestingum.

Gert er ráð fyrir því að stofnsjóður félagsmanna sem ekki er bundinn í rekstri, verði ávaxtaður með viðlíka áhættumati og lífeyrissjóðir. Þá er gert ráð fyrir að tilteknum fjárhæðum verði varið til fjárfestinga í verkefnum sem miða að framtíðarvexti og auknum styrk þar sem saman fara góð fjárfestingartækifæri og möguleikar á að nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til þess að ná fram samlegðaráhrifum og aukinni arðsemi.

Samstæðuskipulag Auðhumlu

Jafnframt því að vera samvinnufélag mjólkurbænda á starfssvæði félagsins, sem hefur það að markmiði að mynda sterka félagslega umgjörð og ávaxta með öruggum hætti stofnsjóði félagsmanna, er félagið jafnframt samstæða dótturfélaga eins og eftirfarandi mynd sýnir.

Hvert og eitt dótturfélaganna, sem og Auðhumla sjálf, verður að framfylgja stefnu Auðhumlu varðandi arðsemi og árangur í rekstri. Hér á eftir er fjallað nánar um starfsemi og skipulag hvers félags er tilheyrir samstæðunni.



Móðurfélagið Auðhumla

Móðurfélagið Auðhumla hefur tvíþættu hlutverki að gegna til viðbótar því að fylgjast með rekstri dótturfélaganna:

Annars vegar að sinna öflugri upplýsingamiðlun og reglulegu sambandi við bæði félagsmenn sem og samfélagið í heild. Markmiðið er að fylgja eftir þeirri ímynd sem félagið vill skapa og viðhalda bæði inn á við og út á við.

Hins vegar að annast alla fjármálastjórn samstæðu og umsjón með ávöxtun stofnsjóðs félagsins. Þá annast móðurfélagið einnig rekstraráætlanir fyrir samstæðu og uppgjör og enn fremur hagrænar úttektir á rekstri samstæðunnar og fjárfestingum.

Móðurfélagið annast sameiginlega fjármögnun rekstrar fyrir hönd allra dótturfélaga til þess að ná fram bestu kjörum á því sviði og sér um rekstrarfjármögnun félaganna eftir því sem þurfa þykir.

Mjólkursamsalan ehf

Mjólkursamsalan ehf starfrækir þá starfsemi sem Auðhumla skilgreinir sem kjarna-

starfsemi samstæðunnar. Mjólkursamsalan hefur sjálfstætt hlutverk og stefnu er tekur mið af stefnu samstæðunnar sem miðar að því að vera hagkvæmt og framsækið markaðsfyrirtæki á matvörumarkaði. Markmiðið með stofnun Mjólkursamsölnunnar ehf var að hámarka arð mjólkurframleiðenda af starfsemi sinni með hagkvæmri framleiðslu og virðisaukandi markaðs- og vöruþróun á sama tíma og viðskiptavinum félagsins er tryggt sanngjarnt verð fyrir afurðir félagsins.

Merkiland ehf

Stefnt er að því að sameina allar fasteignir í eitt fasteignafélag, Merkiland ehf. Á vegum Merkilands verður unnið að frekari þróun og nýtingu fasteigna félagsins. Gert er ráð fyrir því að félagið sjái Auðhumlu og dótturfélögum hennar fyrir viðeigandi aðstöðu til rekstrar. Samhliða verður unnið að því að nýta þau tækifæri sem núverandi fasteigna- og lóðasafn félagsins býður upp á.

Ísakur ehf

Stefnt er að því að stofna sjálfstætt fjárfestingar- og þróunarfélag innan samstæðunnar að nafni Ísakur ehf. Því félagi er einkum ætlað að halda utan um útflutningsstarfsemi

samstæðunnar og leita fjárfestingartækifæra bæði innanlands og erlendis þar sem þekking og aðstaða innan Auðhumlu getur nýst til þess að skapa félaginu aukinn arð af starfsemi sinni og styrkja almenna stöðu þess.


Jafnframt þessu meginhlutverki myndi Auðhumla vista virkar fjárfestingar á borð við Hollt og gott ehf og Agrice ehf innan vébanda Ísakurs ehf.

Almennt

Samstæðuskipulag af þessu tagi er til þess fallið að auka skilvirgni í rekstri samstæðunnar og tryggja að starfsmenn og stjórnendur einbeiti sér að þeim þáttum í rekstrinum sem skipta mestu máli.

Við teljum mikilvægt að tryggja öfluga tengingu á milli félagsmanna og starfsemi Auðhumlu og dótturfélaganna. Stjórn Auðhumlu setur stefnuna og það er síðan dótturfélaganna að útfæra sinn rekstur á þann hátt að hann falli að stefnu samstæðunnar.

Þá er mikilvægt að gott flæði upplýsinga sé á milli dótturfélaganna og Auðhumlu. Mjólkursamsalan er samstarfsverkefni Auðhumlu



og Kaupfélags Skagfirðinga og skipar stjórn Auðhumlu fjóra af fimm stjórnarmönnum félagsins. Til að tryggja eðlilega tengingu þar á milli er horft til þess að meirihluti þeirra stjórnarmanna sem Auðhumla tilnefnir séu stjórnarmenn og/eða forstjóri félagsins.

Hvað varðar Merkiland og Ísakur er horft til einfaldara skipulags. Þar er gert ráð fyrir einungis eins manns stjórn þar sem forstjóri Auðhumlu er einn stjórnarmaður. Með þessu móti fer stjórn Auðhumlu með allt ákvörðunarvald í þessum dótturfélögum.

Helstu áherslurkefni á næstunni

Haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu ræddi tillögur stjórnar um hlutverk og stefnu félagsins. Á þeim fundi voru skilgreind eftirfarandi áherslurkefni á hverju sviði:

Þjónusta við félagsmenn og félagsleg atriði:

- Heimasíða verður eflað og stefnt að aukinni notkun, til dæmis til aukinna innbyrðis

samskipta félagsmanna auk upplýsingamiðlunar og fræðslu.

- Undirbúningur verður hafinn að endurskoðun á skiptingu deilda og hún lögð fram til frekari umræðu.
- Í starfsemi fulltrúaráðs verður lögð áhersla á frekari innbyrðis tengsl og samstöðu, upplýsingar um starfsemi stjórnar og þjálfun nýliða.
- Athuguð frekari útfærsla á möguleikum sem bæta með beinum hætti hag félagsmanna og lögð fram til frekari umræðu.

Að því er varðar rekstur dótturfélaga verður unnið áfram að eftirfarandi meginverkefnum:

- Skilgreina nánar hlutverk og markmið dótturfélaga og setja þeim viðeigandi markmið um rekstur og árangur.
- Stjórnarmynstur dótturfélaga verður skilgreint og sett á skýr verkaskipting milli stjórnar Auðhumlu og stjórna dótturfélaga.
- Móta stefnu um fasteignasýslu Auðhumlu sem gengur út frá því að félagið eigi sjálft fasteignir undir starfsemi kjarnastarfsemi, um leið og möguleikar á þessu sviði verði nýttir til fulls.

- Móta stefnu og viðskiptaáætlun um starfsemi nýsköpunar (Ísakurs ehf) þannig að fyrir liggi með skýrum hætti fjármögnun félagsins, áherslurkefni og markmið til lengri tíma. Slík áætlun verður lögð fyrir stjórn Auðhumlu til endanlegrar samþykktar.

Í fjárvörslu og fjárfestingarstarfsemi Auðhumlu er gengið út frá eftirfarandi meginatriðum:

- Að fyrirtækið hafi til frambúðar sterka fjárhagslega stöðu sem bakhjarl framleiðenda en leggja um leið áherslu á að rekstur standi undir afurðaverði til bænda á eigin forsendum.
- Móta skýra stefnu um arðgreiðslur þar sem jafnvægis er gætt milli beins arðs (stofnsjóðs) og greiðslna sem gætu talist óbeinn arður, s.s. yfirverð og niðurgreiðslur.
- Móta stefnu varðandi áhættufjárfestingar þar sem gert er ráð fyrir hæfilegri áhættu og fyrirfram ákveðnu hlutfalli heildarfjármagns til fjárfestinga af þessu tagi.

Fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf.

Fyrsti aðalfundur Auðhumlu svf. var haldinn í félagsheimilinu að Flúðum föstudaginn 16. mars 2007. 86 fulltrúar höfðu atkvæðisrétt á fundinum og voru þeir allir mættir. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf. Einnig var lögð fyrir fundinn tillaga um samruna MS/Auðhumlu svf. og Mjólkursamlags Ísfirðinga svf. sem var samþykkt samhljóða. Þá var samþykkt að breyta nafni félagsins í Auðhumla svf. og samþykkt að aðildargjald verði kr. 10.000 en 1.000 fyrir maka fram að næstu áramótum.

Úr stjórn gengu Magnús H. Sigurðsson, Bjarni Jónsson, Guðmundur Þorsteinsson og Helgi Bergþórsson. Í stjórn voru kjörin Birna Þorsteinsdóttir Reykjum, Egill Sigurðsson Berustöðum, Erlingur Teitsson Brún, Guðrún Sigurjónsdóttir Glitstöðum, Haraldur Þórarinsson Laugardælum, Hörður Grímsson Tindum og Stefán Magnússon Fagraskógi. Varamenn voru kjörnir Arnar Bjarni Eiríksson

Gunnbjarnarholti, Jóhannes Torfason Torfalæk og Pétur Diðriksson Helgavatni. Skoðunarmaður Elvar Eyvindsson Skíðbakka og til vara Oddur Gunnarsson Dagverðareyri.

Fjörugar umræður voru á fundinum og ýmis mál krufin og að sjálfsgöðu voru Eyfirðingar, Þingeyingar og Vestfirðingar boðnir velkomnir til samstarfs í Auðhumlu svf.

Fyrri fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf. var haldinn á Hótel Sögu fimmtudaginn 27. september 2007. Þar setti veðrið strik í reikninginn hvað varðar mætingu því allt flug féll niður þann daginn. Fulltrúar Austurlandsdeildar sátu því fundinn í fjarsambandi á Egilsstöðum en að öðru leyti vantaði þrjá fulltrúa til að full mæting fulltrúa væri á þessum fundi. Á fundinum voru kynntar tillögur um breytingar á framleiðsluskipulagi Mjólkursamsölnunnar en þær miða að hagræðingu í rekstri. Miklar umræður urðu um þessar tillögur og skoðanir

nokkuð skiptar en þó voru menn sammála um nauðsyn hagræðingar. Einnig var rætt um verðlagningu á umfram mjólk.

Seinni fulltrúaráðsfundur Auðhumlu svf. var haldinn á Hótel Loftleiðum föstudaginn 23. nóvember 2007. Þar vantaði einn fulltrúa til að full mæting næðist. Á fundinum voru kynntar þær breytingar að frá og með áramótunum 2007/2008 yrði Guðbrandur Sigurðsson forstjóri Auðhumlu svf. en Magnús Ólafsson forstjóri Mjólkursamsölnunnar ehf. Jafnframt kom fram að útflutningsmál myndu flytjast til Auðhumlu svf. Einnig var farið yfir stöðu mála varðandi umfram mjólk. Að öðru leyti var fundurinn helgaður stefnumótun fyrirtækisins. Unnið var í hópum sem svo skiluðu álti og síðan voru almennar umræður. Fundarmenn voru almennt mjög ánægðir með þennan vinnufund og töldu slíka hópavinnu gefast mjög vel.



Fasteignir, fjárvarsla og annað eignarhald

Fasteignir Auðhumlu svf og dótturfélaga þess voru um 56.000 m² í lok árs 2007. Þar af eru í Reykjavík um 23.000 m² og því um 33.000 m² úti á landi. Fasteignamat þessara eigna var í árslok 6.478 milljónir en bókfært verð 3.604 milljónir. Sjá nánar í skýringum nr. 8 með ársreikningi.

Á árinu voru þrjú af dótturfélögum Auðhumlu svf seld. Á miðju ári var Emmessís hf selt að öllu leyti, bæði nafn, vöruheiti, lagerar, tæki og önnur starfsemi. Kaupandi var Rjómaís ehf fyrir hönd Sólar ehf. Starfsemi Remfló ehf var á haustmánuðum seld til Jötunn Véla ehf á Selfossi. Remfló annaðist þjónustu við mjólkurframleiðendur, einkum varðandi vélar og tæki í mjólkurhúsum. Í lok árs var svo starfsemi Samsöluvara hf seld yfir til Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. Samsöluvörur önnuðust framleiðslu og sölu á Floridana ávaxtasafa.

Auðhumla átti um áramót 1.091 milljónir í skuldabréfaeign, mest vegna kvótakaupa mjólkurframleiðenda. Meðalvextir voru 8,8% á verðtryggðum bréfum og 16,7% á óverðtryggðum bréfum. Að auki ávaxtaði Auðhumla varasjóð og hluta af stofnsjóði á almennum fjármálamörkuðum, samtals 1.454 milljónir í árslok 2007. Ávöxtun ársins markaðist af sveiflum á markaði. Nafnávöxtun safnsins varð 8,6% og raunávöxtun því 2,7%.

Útflutningur

Um mitt ár 2007 komu til framkvæmda tollfrjálsir kvótar á smjöri og skyri inn á markaði Evrópusambandsins. Kvótarnir eru 380 tonn fyrir skyr og 350 tonn fyrir smjör miðað við heilt ár. Í fyrstu er sérstaklega mikill fengur af tollfrjálsa kvótanum fyrir smjör, en er tímar líða og tekist hefur að afla markaðs innan Evrópusambandsins fyrir skyr, á skyrkvótinn eftir að reynast sams konar fengur.

Á árinu 2007 voru flutt út 1003.6 tonn af MS vörum. Að magni til var mest flutt út af smjöri eða 661.9 tonn, þar næst kom undanrennuduft, en af því voru flutt út 200 tonn og 137.5 tonn voru flutt út af skyri, sem aðallega fór á Bandaríkjamarkað. Útflutningur osta nam 4.2 tonnum, og fór allt magnið á Bandaríkjamarkað. Verðmæti útflutnings var um 250 mkr miðað við gengi krónu á útflutningsdegi.

Markaður fyrir smjör og undanrennuduft var afar sterkur síðari hluta árs 2007, og hefur verð ekki verið jafn hátt í langan tíma. Á síðustu vikum ársins 2007 fór verð lækkandi, og hefur haldið áfram að lækka á árinu 2008. Verðlækkun er helst rakin til mikils útflutnings frá Bandaríkjunum, en útflytjendur þar nýttu

sér veikan dollar miðað við Evrópumyntir. Heimsmarkaðsverðið er sem stendur um 15% hærra en það var um mitt síðasta ár, þ.e. áður en verð fór að hækka umtalsvert. Smjörverð innan Evrópusambandsins er um 20-25% hærra en heimsmarkaðsverð.

Um mitt síðasta ár hófst útflutningur á skyri til Evrópu. Skyr er nú selt að staðaldri í nokkrum verslunum í Englandi, Luxemburg og Belgíu. Árið 2008 verður notað til að efla markaðs-sókn inn á markaði Evrópusambandsins, sérstaklega í Englandi.

Útflutningur ársins 2008 er áætlaður um 1400 tonn, og munar mestu um áætlaða aukningu á skyri og á undanrennudufti. Gert er ráð fyrir að verð verði nokkuð stöðugt, og ekki eru vísbendingar um að verð lækki svo einhverju nemur frá því, sem það er nú.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild 2007.

Verðlaunahafar 2007

Innl. númer	Nafn	Heimili	Deild
10182	Chris Beekman	Brekuborg	Austurlandsdeild
20225	Hellisbúið ehf	Kolsholtshelli	Gaulverjabæjar-, Villingaholts- og Stokkseyrardeild
22218	Félagsbúið	Skaftholti	Skeiða- og Gnúpverjudeild
23305	Torfi Guðmundur Jónsson	Bakkakoti	Skaftárdeild
30019	Vigfús Pétursson	Hægindi	Borgarfjarðardeild
33204	Ásmundur Guðmundsson	Arkarlæk	Hvalfjarðardeild
46277	Guðrún Skarphéðinsd.	Kringlu	Breiðfjarðardeild
47226	Félagsbúið	Stað	Breiðfjarðardeild
47227	Árbæjarbúið	Árbæ	Breiðfjarðardeild
48347	Loftur S. Guðjónsson	Ásbjarnarstöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
49234	Félagsbúið	Breiðalæk	Breiðfjarðardeild
50271	Jóhann M. Kristjánsson	Fremstagili	Austur-Húnaþingsdeild
50850	Auðólfstaðabúið	Auðólfstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
51521	Pálmi Ingimarsson	Árholti	Austur-Húnaþingsdeild
52570	Steinar Kristjánsson	Steinnýjarstöðum	Austur-Húnaþingsdeild
60003	Jóhann Tryggvason	Vöglum	Norðausturdeild
60013	Kristín S. Hermannsdóttir	Merkigili	Norðausturdeild
60089	Félagsbúið Villingadal	Villingadal	Norðausturdeild
60093	Hlynur Þórsson	Akri	Norðausturdeild
60101	Leifur Guðmundsson	Klauf	Norðausturdeild
60305	Hreiðar Aðalsteinsson	Öxnhóli	Norðausturdeild
60327	Þorsteinn Rútsson	Þverá	Norðausturdeild
60488	Svana Halldórsdóttir	Melum	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Norðausturdeild
60613	Félagsbúið Böðvarnesi	Böðvarnesi	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf	Vogum	Norðausturdeild
68130	Haukur Tryggvason	Laugabóli	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68252	Fagranesbúið	Fagranesi	Norðausturdeild
68274	Félagsbúið Hjarðarbóli	Hjarðarbóli	Norðausturdeild
68333	Ólafur Ólafsson	Bjarnarstöðum	Norðausturdeild
68354	Ingvar Ketilsson	Halldórsstöðum	Norðausturdeild
68402	Atli Sigurðsson	Ingjaldsstöðum	Norðausturdeild
68443	Kristján Ingjalður Tryggvason	Fellsseli	Norðausturdeild
68472	Baldvin Einarsson	Engihlíð	Norðausturdeild
68572	Jón Helgi Jóhannsson	Víðiholti	Norðausturdeild

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2007.

Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að öll sýni mánaðarins séu undir 40 þús. í líftölu, margfeldis meðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús. og að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum.

Mjólkursamsalan ehf.

Árið 2007 var fyrsta starfsár Mjólkursamsölnunnar ehf. en fyrirtækið hóf formlega rekstur 1. janúar 2007 og tók þá við öllum rekstri MS svf., Osta- og smjörsölnunnar sf. og Norðurmjólkur ehf.

Mikill tími á þessu fyrsta starfsári fór í að samþætta reksturinn og vinna að þeim hagræðingaraðgerðum sem stjórn félagsins ákvað að hrinda í framkvæmd.

Á fundi stjórnar MS ehf., þ. 14. desember 2007, var ákveðið að gera skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi vinnslu afurðastöðvanna með hagræðingu og nýtingu fasteigna, véla og búnaðar í fyrirrúmi. Ákveðið var að leggja til hliðar, að þessu sinni, áform um byggingu nýrrar þökkunarstöðvar á Selfossi. Nýtingu húsnæðis MS á höfuðborgarsvæðinu yrði breytt með það að markmiði að losa um ¼ af því húsnæði sem nú er í rekstri og notkun á vegum MS. Varðandi aðrar breytingar vísast til ársskýrslu MS ehf.

Á árinu var tekið á móti meiri mjólk en nokkru sinni áður. En á vegum MS ehf. og tengdra félaga (KS) var tekið á móti 124,8 millj. lítra mjólkur.

Skipting framleiðslunnar var eftirfarandi þetta fyrsta ár.

Flokkur	Tonn
Ferskvörur (ósýrðar og sýrðar)	51.829
Viðbit	1.811
Ostar	5.128
Duft	1.030
Samtals	59.797

Framleiðsla ferskvara nam um 51.800 tonnum sem samsvarar því að á próteingrunni hafi um 48% mjólkurinnar farið í framleiðslu ferskvara og 52% til framleiðslu viðbits, osta og mjólkurdufts. Á fitugrunni er þetta hlutfall 38% í ferskvörur á móti 62% í birgðavörur. Vegið saman er skiptingin um 43% í ferskvörur á móti 67% í birgðavörur.

Heildarsala á mjólkurvörum var mjög góð á árinu 2007

Heildarsala á mjólkurvörum, öðrum en ostum og smjöri, hjá MS á árinu 2007 var 50,7 milljónir lítra að verðmæti 7,1 milljarðs króna. Aukning í magnsölu milli ára var 331 þús. lítrar eða 0,66%. Aukning í verðmætum milli ára var 9,3 milljónir króna.

Í ostum og smjöri var mjög jákvæð sölubrúun á árinu. Heildarsala jókst í magni um 411,5 tonn og í verðmætum um 273 milljónir króna. Sala í smjöri óx um 29,5 tonn eða 5%. Sala í smjöruva óx um 5% eða 26,2 tonn. Sala á léttu og laggóðu minnkaði um 1,4% eða 4 tonn. Sala í ostum óx um tæp 7% eða 313,4 tonn.

Á árinu var lögð megináhersla á að samþætta allt sölu- og markaðsstarf fyrirtækisins sem áður var unnið hjá MS í Reykjavík, Norðurmjólk Akureyri og Osta- og smjörsölnunni í Reykjavík.



Stjórn félagsins þetta fyrsta starfsár skipuðu:

Magnús H. Sigurðsson, stjórnarformaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Jóhannes Ævar Jónsson, ritari
Egill Sigurðsson, meðstjórnandi
Guðmundur Þorsteinsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Arnar Bjarni Eiríksson
Rögnvaldur Ólafsson
Atli Friðbjörnsson

Endurskoðendur voru Deloitte hf.

(Benóní Torfi Eggertsson)

Markaðsstarfið

Um árabíl hefur eftirspurn eftir vörum MS verið jöfn og stöðug og er viðhaldið með öflugum markaðsstarfi, vörubrúun og auglýsingum í helstu miðlum, verslunum og utandyra. Jafnframt er MS þátttakandi í kynningum, við-

burðum og sýningum með ýmsum samtökum matvælaíðnaðarins og einnig með aðilum matvörukeðjanna. Þessi vinna er síðan studd með öflugum sölustarfi.

